



2402871/001.00 SMK

## Reglur um rafrænar kosningar í verkefninu Okkar Kópavogur árið 2025

### 1. gr.

#### Rafrænar kosningar

Kosningakerfið er rafrænt og er unnið í samstarfi UT deildar, Advania og stjórnsýslusviðs. Kerfið er þróað af Advania í samvinnu við Þjóðskrá Íslands. Kosningarnar eru ekki lögbundnar.

### 2. gr.

#### Tímasetning kosninganna

Hugmyndasöfnun fór fram í september og október 2024. Kosningar eru haldnar að lokinni hugmyndasöfnun, þegar matshópar A og B hafa lokið sinni vinnu. Kosningar eru almennt haldnar í lok janúar eða byrjun febrúar og ákveður stýrihópur nákvæma dagsetningu fyrir hverjar kosningar. Kosningar eru almennt opnar frá miðnætti á fimmtudegi til miðnættis á þriðjudegi rúmri viku síðar, þannig að tveir sunnudagar séu inni í kosningatímanum.

### 3. gr.

#### Kjörskrá, auðkenning og kosningaréttur

Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem á árinu 2025 eru 14 ára eða eldri, hafa rafræn skilríki og eru búsettir í Kópavogi á þeim degi sem kosningar hefjast. Kjósandi auðkennir sig með öruggum hætti með rafrænum skilríkjum. Sannreynt er hvort kjósandi er búsettur í Kópavogi og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár í upphafi kosninga. Hægt er að skoða Þjóðskrárupplýsingar í heimabanka. Upplýsingar um rafræn skilríki er að finna á síðunni: [www.audkenni.is](http://www.audkenni.is). Í kosningakerfinu er hvert atkvæði dulkóðað og ekki er hægt að rekja atkvæðið aftur til kjósenda.

### 4. gr.

#### Kjörstaðir

Kosningasíðan er aðgengileg í gegnum heimasíðu Kópavogsbæjar. Árið 2025 er kosið á vefslóðinni <https://kjosa.vottun.is/?id=kopavogur2025>. Ekki er um eiginlega kjörstaði og kjörklefa að ræða. Kjósandinn getur kosið í tölvu eða snjalltæki.

### 5. gr.

#### Talning atkvæða

Talningu atkvæða er háttað sem hér segir:

- Öll atkvæðin í viðkomandi bæjarhluta eru talin og verkefnum raðað eftir fjölda atkvæða.
- Því verkefni sem flest atkvæði hefur hlotið í hvorum bæjarhluta fyrir sig er stillt upp og kostnaður við verkefnið dreginn frá heildarfjárheimild bæjarhlutans. Það verkefni sem næstflesta atkvæði hefur hlotið fær því næst sömu meðferð, og svo koll af kolli þar til ekki er til fjármagn fyrir fleiri verkefnum.



- Ef verkefnið rúmast innan fjárheimildarinnar er það sett á lista valinna verkefna. Ef það rúmast ekki innan heimildarinnar er því sleppt og næsta atkvæðamesta verkefnið skoðað. Þessi aðferð er endurtekin koll af kalli, þar til fjárheimildin er uppurin.
- Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta jafnmikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.
- Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.

#### **6. gr.**

#### **Birting niðurstaðna**

Kjörstjórn birtir niðurstöður kosninga þegar niðurstöður hafa verið kynntar fyrir bæjarstjórn.

#### **7. gr.**

#### **Eftirlit með framkvæmd kosninganna**

Sérfræðingar í framkvæmd rafrænna kosninga úr hugbúnaðardeild Advania sjá um úttekt á kóða kosningakerfisins fyrir og við framkvæmd kosninganna. Sérfræðingarnir hafa eftirlit með tengingu við kjörskrá og hvernig rafrænni auðkenningu kjósenda er háttað. Eftir talningu atkvæða stemma sérfræðingarnir af kjósendur í atkvæðagreiðslunni m.v. þá kjósendur sem auðkenndu sig í kosningunni. Sérfræðingarnir veita ráðgjöf varðandi ferla, framkvæmd kosninganna og tilkynna kjörstjórn um frávík. Að öðru leyti hefur starfsfólk Kópavogsbæjar sem sér um framkvæmd kosninganna, eftirlit með framkvæmd þeirra.

#### **8. gr.**

#### **Kjörstjórn**

Kjörstjórn er skipuð þremur fulltrúum frá Kópavogsbæ. Kjörstjórn ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir athugasemdir er kunna að berast. Kjörstjórn skipa bæjarritari, forstöðumaður UT deildar og lögfræðingur.

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd kosninganna skulu berast á netfangið [kjorstjorn.okkarkopavogur@kopavogur.is](mailto:kjorstjorn.okkarkopavogur@kopavogur.is).

#### **9. gr.**

#### **Fjármagni ekki úthlutað**

Gert er ráð fyrir tiltekinni fjárhæð til verkefnisins. Árið 2025 er fjárhæðin 340 milljónir króna, sem nýtast skal árin 2025, 2026 og 2027. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls í verkefninu. Ef sú staða kemur upp, þá skal það fjármagn renna aftur í bæjarsjóð.

#### **10. gr.**

#### **Kærufrestur og eyðing gagna**

Kærur um ólögmati rafrænna kosninga skulu sendar kjörstjórn innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Kjörgögn eru geymd í sjö daga eftir úrslit kosninga og eytt eftir þann tíma. Kjörstjórn úrskurðar innan tveggja vikna frá því að kæra berst, nema mál sé mjög umfangsmikið og skal þá úrskurða innan fjögurra vikna.

Komi fram kæra, er kjörgögnum eytt þegar úrskurðað hefur verið um hana.



**Kópavogsbær**

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

### **11. gr.**

#### **Upplýsingar og fyrirspurnir**

Upplýsingar og leiðbeiningar um kosningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Kópavogs. Hægt er að senda fyrirspurnir og ábendingar á netfangið [okkarkopavogur@kopavogur.is](mailto:okkarkopavogur@kopavogur.is) Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um kosningarnar í þjónustuveri Kópavogs á Digranesvegi 1 eða í síma 441-0000.

Samþykkt í bæjarráði 28. nóvember 2024